

Miðvikudaginn 14. október 1964.

Nr. 4/1964. M (Þorvaldur Ari Arason hrl.)

gegn

K (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1964. Krefst hann þess, að honum verði dæmd alger sýkna af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu og um málskostnað fari, eins og í aðalkröfu greinir.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að henni, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Ef stefndi vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7.000.00, er renni í rikissjóð. Ef stefndi fellst á eiðnum, greiði hún áfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Það athugast, að eigi sézt, að ljósmóðir sú, sem tók á móti barni stefnda, hafi spurt hana um faðerni barnsins, eins og boðið er í 214. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu

dóms þessa. Ef stefndi, K, vinnur eiðinn, skal áfrýjandi, M, greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Nú verður stefnda eiðfall, og skal hún þá greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1963.

Ár 1963, mánudaginn 28. október, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Loga Einarssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 22/1963: K gegn M, sem tekið var til dóms 24. s. m.

Hinn 11. febrúar 1962 ól sóknaraðili, K, ógift skrifstofustúlka, hér í borg, sveinbarn, sem enn hefur ekki verið skírt.

Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst M, nemanda, . . . , hér í borg, en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast. Hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og til vara synjunareiðs. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Vorið og sumarið 1961 var varnaraðili skipverji á m/s Gullfossi. Um miðjan maímánuð þetta ár var Gullfoss í Kaupmannahöfn. Á laugardagskvöldi, hinn 13. maí 1961, að sögn sóknaraðilja, en varnaraðili segir dagsetningu þessa vel geta verið rétta, hittust þau á skemmtistaðnum Las Vegas í Kaupmannahöfn, en með sóknaraðilja voru þrjár vinkonur hennar og með varnaraðilja skipsfélagi hans og herbergisfélagi um borð í Gullfossi, A nemandi, . . . , í Hafnarfirði. Um nóttina, aðfaranótt sunnudagsins 14. maí 1961, fóru þau sóknaraðili og varnaraðili ásamt einni af vinstúlkum hennar, B, . . . hér í borg, um borð í m/s

Gullfoss og í herbergi varnaraðilja. Þá var A kominn þangað og háttaður í neðri koju, en sóknaraðili svaf í efri koju. Þær stúlkurnar dvöldust um borð í skipinu um nóttina, en um klukkan sex um morguninn fylgdi varnaraðili B að leigubíl. Er hann kom aftur til herbergis síns í Gullfossi, fóru þau, hann og sóknaraðili, upp í koju hans, og segir hún þau hafa haft þarna saman fullkomnar samfarir, en hann neitar, að svo hafi verið, enda hafi hún ekki viljað þýðast hann. Í önnur skipti kveðst hún ekki hafa haft samfarir við hann. Segir hún ekki öðrum til að dreifa um faðerni barnsins en varnaraðilja, enda hafi hún ekki haft samfarir við nokkurn annan mann en hann á mögulegum getnaðartíma barnsins.

Varnaraðili segir A hafa verið vakandi alla nóttina, enda hafi hann ekki getað sofið vegna orðasennu og rifrildis milli þeirra sóknaraðilja og varnaraðilja, sem spunnizt hafi af því, að hún hafi ekki viljað þýðast hann, er hann reyndi að hafa við hana samfarir.

Vitnið A segir þau málsaðilja ekki hafa farið úr öðrum fötum en yfirhöfnum, áður en þau fóru upp í kojuna, og ekki kveðst hann heldur hafa orðið var við, að þau færu frekar úr fötum uppi í kojunni, enda segjast þau ekki hafa gert það, nema hvað kjóll hennar hafi verið fráhnepptur að ofan. A segist ekkert hafa getað sofnað þarna um nóttina vegna háværs samtals þeirra í efri kojunni, en upp í hana kveðst hann ekki hafa séð. Hann kveðst telja mjög lítil líkindi til þess, að þau hafi haft samfarir þarna saman, þótt hann geti ekkert um það fullyrt, en engin hljóð segist hann hafa greint, sem bentu til þess.

Ekki man A til þess, að það bæri beinlínis á góma í tali þeirra, hans og varnaraðilja, daginn eftir, hvort varnaraðili hefði haft líkamleg mök við sóknaraðilja, en eitthvað segir hann varnaraðilja hafa verið óánægðan með nóttina og lítið látið yfir árangri sínum.

Vitnið B segir þær vinkonurnar hafa farið með varnaraðilja í leigubíl frá skemmtistaðnum Las Vegas að m/s Gullfossi, og hafi varnaraðili þá látið vel að sóknaraðilja, en hún virzt taka því vel. Í herbergi varnaraðilja um borð í skipinu kveðst B hafa lagt sig á bekk og sofnað, en er hún vaknaði aftur, segir hún þau sóknaraðilja og varnaraðilja hafa komið ofan úr koju hans, bæði í fötum.

Næsta dag, er þær stöllurnar hittust, segir B sóknaraðilja hafa verið eitthvað skrítna á svipinn, og er hún spurði hana,

hvað þeim varnaraðilja hefði farið á milli um borð í skipinu, segir hún sóknaraðilja hafa tjáð sér, að hún hefði haft samfarir við varnaraðilja um borð í m/s Gullfossi nóttina áður. Ekki segist B vita til þess, að sóknaraðili hafi haft samfarir við nokkurn annan mann en varnaraðilja.

Samkvæmt vottorði C, ljósmóður á Fæðingarheimili Reykjavíkur, var barnið við fæðingu 3530 gr á þyngd og 51 cm á lengd.

Blóðflokkarannsókn á aðiljum málsins og barninu hefur ekki útilokað varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstaða rannsóknarinnar var sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	0	MN	—	—	—	+
Barnið	0	MN	+	+	—	+
Varnaraðili	A ¹	MN	+	+	—	—

Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum fyrir barnsburð um mánaðamót apríl og maí 1961, en hún segist ætíð hafa haft reglulegar tíðir, 5 til 6 daga í senn á 28 til 30 daga fresti.

Leitað var umsagnar borgarlæknisins í Reykjavík um, hvenær barn það, sem mál þetta er risið af, geti verið komið undir, og segir svo í umsögn hans:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljósmóðurinnar, dags. 15.12. 1962, má ráða, að það hafi verið fullburða við fæðingu. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagar með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 3. til 27. maí 1961.

Með hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu getur það samkvæmt dreifingartöflum dr. Lindners, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 19. marz til 24. júní 1961. Um 87% líkur eru til samkvæmt sömu töflum, að barnið sé getið á tímabilinu 16. apríl til 27. maí 1961.“

Eins og að framan getur, neitar varnaraðili því að hafa nokkurn tíma haft samfarir við sóknaraðilja, sem staðhæfir, að þau hafi í eitt skipti, aðfaranótt sunnudagsins 14. maí 1961, einmitt á þeim tíma, sem mestar líkur eru til þess, að barnið sé getið, haft fullkomnar samfarir saman. Lögfullar sannanir hafa ekki verið færðar fyrir þessu, svo að úrslit máls þessa verða að velta á eiði. Þar sem sóknaraðili telst hafa meiri líkur með sínu

máli, en varnaraðili viðurkennir, að þau hafi um miðjan maí-mánuð 1961 farið saman upp í koju hans í m/s Gullfossi, eins og að framan getur, þykir bera að veita henni eiðsheimild í máli þessu, og verður niðurstaða þess sú, að varnaraðili skuli talinn faðir barnsins, ef sóknaraðili vinnur innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi hinn 14. maí 1961 haft samfarir við varnaraðilja, og að varnaraðili skuli síðan með úrskurði yfirvalds skyldaður til að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962.

Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða málskostnað. Úr ríkissjóði hafa þegar verið lagðar út kr. 1.325.00 vegna máls þessa, en sóknaraðili hefur gjafsókn. Talsmanni sóknaraðilja, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, ber og að greiða málssóknarlaun, er ákveðast kr. 3.000.00. Samkvæmt þessu verður varnaraðili dæmdur til að greiða í málskostnað, ef sóknaraðili vinnur eiðinn, kr. 4.325.00, er renni í ríkissjóð.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum sóknaraðilja, og falli málskostnaður þá niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa eið að því á löglegu varnarþingi sínu, að hún hafi hinn 14. maí 1961 haft samfarir við varnaraðilja, M, skal hann teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól hinn 11. febrúar 1962, og greiða með því samkvæmt úrskurði yfirvalds meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1962. Þá greiði varnaraðili einnig í málskostnað kr. 4.325.00, sem renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili sýkn af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaður falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.